

RANNSÓKNARRÁÐ UMFERÐARÖRYGGISMÁLA
RANNUM

SKYNDIHJÁLP Í
FRAMHALDSSKÓLUM

NÓVEMBER 2005

Efnisyfirlit

Formáli.....	5
Inngangur.....	6
Skyndihjálparkennsla á sér langa sögu.....	6
Könnun á skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum.....	7
Úrtak og framkvæmd.....	8
Niðurstöður.....	9
Viðauki.....	30
Spurningalisti.....	34
Heimildaskrá.....	40

Formáli

Könnun á skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum er lokið. Verk þetta hefur tekið of tæp tvö ár þar sem erfitt hefur verið að fá inn svörun frá þátttakendum. Fjöldi aðila hefur tekið þátt í verkefninu og lagt því lið á margvíslegan þátt. Öllum þessum aðilum er þakkaður góður stuðningur. Eitt aðalmarkmið könnunarinnar er að greina hve mikil skyndihjálp er kennd í íslenskum framhaldsskólum. Þær niðurstöður liggja nú fyrir og þurfa menn að leggja sitt mat á hvað er næsta skref. Með þessari rannsókn vonast ég til þess að það starf sem unnið er innan skólakerfisins verði eft. Það er margsannað að fyrstu viðbrögð á slysavettvangi getur skipt sköpum um líf og dauða.

Könnun þessi á skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum var unnin með tilstyrk frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála (Rannum). Rannsóknarráð umferðaröryggismála var stofnað í lok árs 2000 og voru stofnendur allar helstu stofnanir og félagasamtök er starfa á sviði umferðarmála á Íslandi. Rannum hefur styrkt frá 2001 fjölda rannsóknarverkefna sem öll hafa það að markmiði að bæta umferðarmenningu, fækka umferðarslysum og draga úr afleiðingum þeirra. Rannum eru hér með færðar bestu þakkir fyrir góðan stuðning og gott samstarf s.l. tvö ár.

Fyrir hönd könnunaraðila

Sigurjón Jónsson

Verkefnisstjóri.

Skyndihjálp í framhaldsskólum

Inngangur.

Þessi rannsókn á skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum er unnin með tilstyrk frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála (Rannum). Könnunin er sjálfstætt verkefni en tengist annarri könnun um sama málefni en sú könnun fjallaði um stöðu skyndihjálparkennslu í grunnskólum og var unnin 2003.

Á allra síðustu árum hefur mönnum sífellt orðið betur ljóst hversu stórt hlutverk skyndihjálpin ber í forvörnum almennt. Með bættri slysaskráningu og flokkun áverka hefur komið í ljós að skyndihjálparkunnáttu almennings er ábótavant. Á þetta hefur ítrekað verið bent s.s. í ársskýrslum Rannsóknarráðs umferðarslysa. Slysatiðnin er alltof há og við því þarf að bregðast. Síðustu árin hefur fjölgun slysa ekki síst legið í umferðarslysum og samkvæmt framtíðarspá alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) þá eru umferðarslys að verða eitt af helstu heilbrigðisvandamálum nútímans. Afar brýnt er talið að stórefla kunnáttu almennings í fyrstu hjálp svo fólk geti brugðist rétt við á neyðarstundu. Þá hefur það sérstaklega vakið ugg hversu tíð slys á börnum eru hér á landi en talið er að alls slasist um 30.000 börn á hverju ári. Flest þessara slysa eru þó og sem betur fer smávægileg.

Skyndihjálparkennsla á sér langa sögu.

Frumkvöðull að kennslu í skyndihjálp var þýskur læknir að nafni Johann Friederich Esmarch. Árið 1882 hélt hann fyrsta formlega námskeiðið í skyndihjálp svo vitað sé um. (Margrét Guðmundsdóttir 2000:59)

Þetta sama ár gaf Johann Friederich Esmarch út fyrstu skyndihjálparbókina sem ætluð var leikmönnum. Í formála að bókinni segir höfundur “Ég ætlaði mér aðeins að gefa mönnum leiðbeining um það, hvernig rétt er sé að hjálpa, þangað til næst til læknis, svo eigi hljótist tjón af biðinni” (Margrét Guðmundsdóttir 2000:59)

Fyrsta íslenska bókin sem flokka má sem leiðsögn fyrir almenning í skyndihjálpar kom út 1884 og höfundur hennar Jónas Jónassen landlæknir. Jónas þýddi ári síðar skyndihjálparbók Esmarch og hvatti til þess að hún yrði kynnt í heimahúsum sem í alþýðuskólum. (Rauði kross Íslands 2000)

Fyrsta námskeiðið í skyndihjálpar fyrir íslenskan almenning var haldið að frumkvæði stjórnar Rauða kross Íslands í Reykjavík árið 1925. Leiðbeinendur voru tveir læknar þeir Gunnlaugur Einarsson og Ólafur Gunnarsson. (Rauði kross Íslands 2000)

Könnun á skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum.

Markmið þessa verkefnis er að kanna hvernig skyndihjálpar kennslu er háttað í íslenskum framhaldsskólum. Hvað sé verið að kenna og hvernig það er gert. Markmiðið er að fá fram upplýsingar um stöðu skyndihjálpar og leggja fram tillögur um hvernig auka megi vægi þáttar innan skólakerfisins. Meginmarkmiðið er að allar þessar upplýsingar leiði til þess að skyndihjálparþekking verði almenn og að sem flestir verði færir um að bregðast rétt við þegar slys eða veikindi koma upp. Það er þjóðhagslega mikilvægt að leita allra leiða til að draga úr slysatíðni og alvarlegum afleiðingum þeirra. Í þessari baráttu skiptir skyndihjálpar lykil máli.

Þetta verkefni hefur verið í vinnslu frá því vorið 2004 og er töluvert á eftir upphaflegri verkáætlun en hún gerði ráð fyrir að niðurstöður bærust fyrir nokkrum mánuðum. Ástæður þessarar seinkunnar eru einkum þær að mjög erfiðlega gekk að fá umbeðnar upplýsingar frá framhaldsskólunum þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir. Í fyrstu umferð var bréf sent í alla framhaldsskóla þar sem verkefnið var kynnt. Þá var öllum skólum sendur spurningarlistinn með rafrænum hætti. Svörun var mjög slök og var þá brugðið á það ráð að hringja í skólana. Þrátt fyrir góðar viðtökur urðu viðbrögð ekki eins og rannsakendur höfðu vonast til. Í byrjun þessa árs höfðu aðeins 14 skólar sent inn upplýsingar og svarað spurningalistanum. Þá var reynt að heimsækja nokkra skóla sem höfðu áður tekið vel í að veita umbeðnar upplýsingar jafnframt því að ítrekanir voru sendar í tölvupósti og í gegnum síma. Í byrjun maí voru svörin orðin 20 eða 52%. Að mati umsjónarmanns verkefnisins þótti sú svörun ekki ásættanlega enda ljóst að niðurstöðurnar gæfu ekki raunhæfa mynd af stöðu mála. Í vor var því ákveðið að

seinka verktímanum enn og gera lokatilraun til að ná þeim skólum sem uppá vantaði. Síðan þá hefur verið unnið kappsamlega að því að safna frekari gögnum svo könnunin yrði sem marktækust og gæfi sem bestar upplýsingar um stöðu skyndihjálparinnar. Eftir að hafa leitað til hinna ýmsu fulltrúa í framhaldsskólunum tókst að fá svör frá 31 skóla eða rúmlega 81% svörun. Verður það að teljast ásættanlegt ekki síst í ljósi þess hversu illa gekk að fá upplýsingar frá skólunum. Það er von umsjónaraðila verkefnisins að niðurstöðurnar hjálpi við að endurskipuleggja skyndihjálparfræðsluna og sé góð viðbót við þær upplýsingar sem þegar hefur verið aflað í nýjum könnunum.

Úrtak

Allir starfandi framhaldsskólar á Íslandi en þeir eru 38 talsins.

Framkvæmd

Við samningu á spurningalista var m.a. fengin aðstoð og ráðgjöf frá Rauða krossi Íslands og sjálfstætt starfandi leiðbeinendum í skyndihjálpa. Auk verkefnisstjóra unnu þær Anna Sólveig Smáradóttir og Helena Jónsdóttir að grunnvinnunni. Sigurður Arnar Sigurðsson, deildarstjóri veitti hópnum ráðgjöf og sá um yfirlestur á gögnum. Starfsfólk innanlandsskrifstofu Rauða kross Íslands hefur einnig veitt hópnum mikilsverða aðstoð og bent á fjölmargt sem betur mátti fara. Auk þessara aðila var leitað til nokkurra skólastjórnenda og kennara vegna yfirlesturs og forprófunar á spurningalistanum.

Könnunaraðilar fengu ýmsar upplýsingar frá framkvæmdaraðilum á könnun um skyndihjálparkennslu í grunnskólum og komu þær leiðbeiningar að góðum notum. Ákveðið var að fylgja sama vinnuferli. Allir framhaldsskólar voru skráðir sérstaklega og útbúinn listi yfir skólastjórnendur sem voru tengiliðir fyrir sinn skóla. Á listann voru skráð netföng skóla og skólastjórnenda sem fengu listann sendan með tölvupósti ásamt kynningarbréfi og ósk um þátttöku í verkefninu. Í kynningarbréfi var verkefnið kynnt og auk þess sagt frá því að verkefnið væri styrkt af Rannsóknarráði umferðaröryggismála (Rannum). Útbúin var sérstök heimasíða þar sem svörun fór fram ásamt tölfræðilegri úrvinnslu. Þar mátti einnig nálgast frekari upplýsingar ef á þurfti að halda eða senda frekari upplýsingar frá viðkomandi skóla.

Eins og fyrr hefur verið geti bárust svör frá 31 einum skóla af 38 eða 81.6% heildar. Jafnframt því að svara spurningalista sendu nokkrir skólar ítarlegri upplýsingar sem komu að góðum notum við úrvinnslu könnunarinnar.

Niðurstöður


A hluti.

Spurning 1.

Sá sem svarar þessum spurningalista er:

Í flestum tilfellum vísaði skólameistari eða aðstoðarskólameistari spurningalistanum til deildarstjóra, sviðstjóra eða kennara í skyndihjálp. Hér má sjá skiptinguna á milli svarenda.


Sá sem svarar þessum spurningalista er:



Spurning 2.

Í skólanum eru:

Fjöldi nemenda í framhaldsskólunum er mis mikill. Hér má sjá skiptingu skólanna eftir nemendafjölda.




B hluti.

Spurning 3.

Er áhugi fyrir því í þínum skóla að gera skyndihjálparfræðslu góð skil?:

Niðurstöður þessarar spurningar eru afgerandi. Ljóst er að mikill áhugi er á því í framhaldsskólunum að gera skyndihjálparfræðslu góð skil. Alls svöruðu 87% svarenda þessari spurningu játandi. Það er í sjálfu sér jákvætt en hins vegar vekja hin 13% ekki síður athygli. Einn skóli telur ekki vera til staðar áhuga á að gera skyndihjálparfræðslu góð skil og þeir eru ekki vissir. Þegar leitað er skýringa á þessu kemur ýmislegt í ljós. Þær skýringar sem helst voru gefnar upp var að vegna tímaskorts væri ekki hægt að sinna þessu betur. Þá var jafnframt bent á að margir aðrir s.s. Rauði krossinn og fleiri félög sinntu þessari fræðslu fyrir almenning.

Er áhugi fyrir því í þínum skóla að gera skyndihjálparfræðslu góð skil?




Spurning 4.

Er skyndihjálparfræðsla kennd í þínu skóla?:

Alls svöruðu tuttugu og tveir aðilar þessari spurningu játandi eða tæplega 71%. Níu aðilar svöruðu neitandi eða 29%. Þessar niðurstöður segja okkur klárlega að hér þarf að gera bragarbót á. Það að skyndihjálparfræðsla sé ekki á dagskrá hjá hátt í þriðjung framhaldsskóla hlýtur að vera áhyggjuefni. Á móti kemur að mikill meirihluti hefur áhuga á að sinna þessari fræðslu en hefur einhverrahluta vegna ekki sinnt þessari kenntu enn þá.

Er skyndihjálp kennd í þínum skóla?




Spurning 5.

Er skyndihjálp tilgreind í skólanámskrá sem viðfangsefni á þessu skólári?

Sautján skólar segja já eða tæp 55%. Tíu segja nei eða rúm 32%. Fjórir segjast ekki vita hvort þetta sé í skólanámskrá eða tæp 13% svarenda.

Er skyndihjálp skilgreind í skólanámskrá sem viðfangsefni á þessu skólaári?



Spurning 6.

Hverskonar námsefni er notað í skyndihjálparkennslu í þínum skóla?


Ljóst er af svörum þátttakenda í könnuninni að námsgögn frá Rauða krossi Íslands eru allsráðandi í kennslunni. Alls tilgreindu rúm 88% þeirra sem svöruðu þessari spurningu eða sextán af átján aðilum að námsefnið væri útgefið af RKÍ. Tveir aðilar töldu efnið sem kennt væri komið á frá sérfræðingum en það var ekki tilgreint nánar.

Spurning 7

Nýta kennarar sér útgefnar kennsluleiðbeiningar með námsefninu?

Þessi spurning olli svarendum greinilega vanda. Alls töldu átján eða 58% svarenda ekki vita svarið. Tólf eða tæp 39% svöruðu spurningunni játandi og aðeins einn svaraði neitandi eða 3% af heild.

Nýta kennarar útgefnar leiðbeiningar með námsefninu?




Spurning 8.

Telur þú útgefið námsefni í skyndihjálþ koma til móts við misjafnan aldur og þroska nemenda?

Líkt og í spurningu númer sjö þá voru flestir ekki vissir. Nítján eða 61% sögðust ekki vita svarið. Með hliðsjón af upplýsingum um svarendur eru þessi svör auðskilin þar sem viðkomandi aðilar kenndu ekki fagið og fengu upplýsingar gjarnan frá þriðja

aðila. Enginn þátttandur mat það svo að námsefni væri ekki við hæfi en 39% töldu svo vera.

Telur þú útgefið námsefni í skyndihjálparþjálfun koma til móts við misjafnan aldur og þroska nemenda?




Spurning 9.

Telur þú að skólinn þinn sinni skyndihjálparfræðslu í samræmi við aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla?

Þrettán eða 42% sögðu skólann sinn sinna kenntu í skyndihjálparþjálfun í samræmi við gildandi aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Fjórir eða tæp 13% sögðu kenntuna ekki vera í samræmi við námskrá en fjórtán eða um 45% voru ekki vissir. Þessar niðurstöður vekja upp ýmsar spurningar. Hvað veldur því að svo margir eru ekki vissir? Sem fyrr kann skýringin að vera sú að margir af þeim sem svöruðu kenna ekki skyndihjálparþjálfunina sjálfir. Þá komu ábendingar frá svarendum að skyndihjálparþjálfun væri ekki beint í forgang samkvæmd námskránni og því væri ekki einfalt að leggja mat á þetta mál.

Telur þú að skólinn þinn sinni skyndihjálparfræðslu í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla?




C hluti.

Spurning 10.

Hefur skólinn sent kennara á leiðbeinendanámskeið í skyndihjálp s.l. þrjú ár?

Níu svöruðu þessari spurningu játandi eða 29%. Fjórtán eða 45 svöruðu neitandi og átta eða tæp 26% höfðu ekki svar við spurningunni. Með hliðsjón af reglum Rauða krossins um endurmenntun leiðbeinenda í skyndihjálp þá er ljóst að hér er verk að vinna.

Hefur skólinn sent kennara á leiðbeinendanámskeið í skyndihjálp s.l. þrjú ár?



Spurning 11

Ef já, hve marga?


Allir þeir sem svöruðu spurningu tíu játandi (29% eða níu skólar) höfðu sent einn einstakling á leiðbeinendanámskeið.

Spurning 12.

Hafa verið haldin skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk í þínum skóla s.l. tvö ár?

Í ellefu skólum eða 35% tilfella hefur verið haldið námskeið fyrir starfsfólk. Átján eða 58% höfðu ekki haldið námskeið og tveir eða 6% vissi ekki til þess. Þessar niðurstöður hljóta að vera hvetjandi fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpi. Hér er greinilega verk að vinna. Þessar niðurstöður eru einnig samhljóma breyttum áherslum RKÍ varðandi námskeiðshald í skyndihjálpi en félagið hefur unnið að því síðust misserin að hanna ný námskeið fyrir einstaka faghópa. Í þessu sambandi má nefna að félagið prufukeyrði fyrsta sérsniðna námskeiðið fyrir starfsfólk skólastofnana nú í ágúst s.l. Samkvæmt þessu þá er nægur markaður fyrir þetta námskeið í framhaldsskólunum.

Hafa verið haldin skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk í þínum skóla sl. tvö ár?




Spurning 13.

Hefur verið haldið námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir kennara í þínu skóla?

Miðað við spurningu númer tólf þá er ástandið enn verra varðandi sálrænu skyndihjálpinu. Fimm aðilar svöruðu þessari spurningu játandi eða 16%. Tuttu og fjórir svöruðu neitandi eða rúm 77%. Tveir voru ekki vissir um hvort svona námskeið hefði verið haldið í skólanum eða 6% þeirra sem svöruðu.

Hefur verið haldið námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir kennara í þínum skóla?




Spurning 14.

Telur þú þörf á að halda námskeið fyrir kennara í sálrænni skyndihjálp?

Niðurstöðurnar eru afgerandi. 87% svarenda eða tuttu og sjö aðilar töldu þörf á að fá slíkt námskeið í sinn skóla. Engin svaraði þessari spurningu neitandi en fjórir (12%) voru ekki vissir. Eins og rakið er hér fyrr þá er ljóst að námskeið RKÍ fyrir starfsfólk í skólastofnunum er í takt við óskir skólamanna.

Telur þú þörf á að halda námskeið fyrir kennara í sálrænni skyndihjálþ?




Spurning 15.

Eru kennarar í þínum skóla viljugir/áhugasamir að taka að sér skyndihjálþarkennslu?

Níu aðilar svöruðu spurningunni játandi (29%). Fjórir sögðu nei eða tæþ 13%. Átján svöruðu að þeir vissu ekki svarið eða 58%. Nokkar athugasemdir bárust við þessa spurningu og var þar aðallega bent á að kennsla í skyndihjálþ væri ekki á færi allra og til þess þyrfti ákveðna fagþekkingu. Fólk sem ekki hefði reynslu úr Íþróttakennaraskóla, þjörgunarsveitum, íþróttahreyfingunni eða sem sjálfboðaliðar RKÍ hefðu lítið í þessa kennslu að gera. Þetta væri ekki spurning um vilja heldur undirstöðu í námsgreininni.

Eru kennarar í þínum skóla viljugir/áhugasamir að taka að sér skyndihjálparkenntu?




Spurning 16.

Hvernig fer skyndihjálparfræðslan fram í þínum skóla (kennsluaðferðir).

Niðurstöður þessarar spurningar benda til þess að kennslan sé heldur hefðbundin. Áhersla er á fyrirlestra, vinnubókarvinnu eða hópvinnu. Einnig virðist nokkuð um verklega þjálfun. Þegar leitað var upplýsinga um í hverju þessi verklega þjálfun væri fólgin kom í ljós að endurlífingun og að leggja í læsta hliðarlegu voru helstu verkefni. Lítið var um að farið sé í heimsóknir t.d. til tryggingafélaga, á skoðunarstöðvar, til lögreglu eða á heilsugæslu.

Hvernig fer skyndihjálparfræðslan fram í þínum skóla?




Spurning 17.

Hvernig telur þú að leggja ætti námsefnið fyrir nemendur?

Samkvæmt svörum við þessari spurningu telja menn heppilegast að byggja á verklegri þjálfun. Þá hafa menn trú á fyrirlestraforminu og hópavinnu. Minni fylgni er við vettvangsnám og vinnubókavinnu.

Samanburður á 16 og 17




Spurning nr. 18.

Telur þú að endurbætt/nýtt námsefni yrði til þess að vægi skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum muni aukast?

Meirihluti þeirra sem svara þessari spurningu telja lausnina ekki liggja í nýju námsefni. Flestir eru reyndar á því að nýtt námsefni sé alltaf til bóta en aukning á kennslu ráðist ekki eingöngu af námsefninu. Hér þurfi að huga að fleiri þáttum. Áherslan í dag er ekki á skyndihjálp og umhverfið kallar ekki beint eftir slíkri fræðslu. Tólf eða tæp 39% svara þó á þann hátt að þeir telja nýtt námsefni leiði til aukningar á kennslu í skyndihjálp. Tveir svara neitandi (6%) en sautján eða tæp 55% eru ekki vissir eins og fyrr segir.

Telur þú að endurbætt/nýtt námsefni yrði til þess að vægi skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum myndi aukast?



Spurning 19.


Hvernig námsefni finnst þér áhugavert að kenna á framhaldsskólastigi?

Ekki bárust margar tillögur frá svarendum. Þeir sem svöruðu bentu aðallega á að vinna þyrfti upp aukið vefefni og gjarnan bætti það vera gagnvirkt. Þá bárust einnig ábendingar að kennslubók í skyndihjálp væri full yfirgripsmikil fyrir ungt fólk.

Spurning 20.

Hvernig myndi þér finnast best að nálgast námsefnið?

Þátttakendur í þessari könnun eru nokkuð sammála um að netið, bækur og myndbönd henti best til þess að nálgast fræðsluefni í skyndihjálp. Þeir hafa hins vegar litla trú og fræðslubrúfnum eða tölvupósti. Slíkar leiðir dugi skammt.




Spurning 21

Hvernig telur þú að best sé að kynna nýtt námsefni í skyndihjálp fyrir stjórnendum og kennurum framhaldsskóla?

Það kemur vart á óvart að heimsóknir í skólana séu í fyrsta sæti. Einnig virðist fylgni við notkun vefsvæðis og að senda sýnishorn af námsefni í skólana. Lítil trú er hins vegar á fréttabréfum eða kynningu á haustþingum eða þingum framhaldsskólanna. Eftirfarandi er hlutfallsleg skipting svarenda á uppgefna svarmöguleika.

Hvernig telur þú best að kynna nýtt námsefni í skyndihjálp fyrir stjórnendum og kennurum?




Spurning 22

Telur þú að skyndihjálp eigi að vera sér áfangi eða hluti af annarri kennslu?

Flestir fimmtán eða 48% telja skyndihjálpinna eiga að vera sér fag. Sjö eða tæp 23% telja skyndihjálpinna eiga bæði vera samþætta við aðrar greinar og vera kennda sér. Þar ráði mestu um hvaða efni er fjallað um. Samt er auðveldara en annað að samþætta við

aðrar námsgreinar. Sex eða rúm 19% telja rétt að skyndihjálpin sé hluti af annarri kenndu. Þeir eða tæp 10% þátttakendur gátu ekki svarað þessari spurningu.

Telur þú að skyndihjálpi eigi að vera sér áfangi eða hluti af annarri kenndu?




Spurning nr. 23

Telur þú að skyndihjálparfræðsla hafi minnkað, staðið í stað eða aukist síðustu ár?

Flestir svarendur eru á því að skyndihjálpin hafi staðið í stað (11 eða 35%) eða minnkað (8 eða 26%). Hins vegar eru fjórir eða 13% að skyndihjálpin hafi vaxið síðustu árin. Átta eða um 26% treystu sér ekki til þess að svara þessari spurningu.

Telur þú að skyndihjálparfræðsla hafi minnkað, staðið í stað eða aukist síðustu ár?




Spurning nr. 24

Telur þú að markviss skyndihjálparfræðsla í framhaldsskólum geti dregið úr alvarlegum afleiðingum slysa í þjóðfélaginu?

Skilaboðin eru skýr við þessari spurningu. Niðurstaðan bendir til þess að efling skyndihjálpar sé afar brýnt verkefni fyrir framhaldsskólana. Tuttugu fimm svarendur eða um 80% telja markvissa skyndihjálpar geta dregið úr alvarlegum afleiðingum slysa. Einn (3%) telur aukningu ekki hafa áhrif og fimm (16%) eru ekki vissir hverju skuli svara.

Telur þú að markviss skyndihjálparfræðsla í framhaldsskólum geti dregið úr alvarlegum afleiðingum slysa í þjóðfélaginu?



Spurning nr. 25

Hvernig telur þú að megi auka kenntu/fræðslu í skyndihjálpar í framhaldsskólum?


Þessu spurning varðist fyrir þátttakendum í könnuninni. Svo virðist sem þátttakendur meti það svo að ekki sé hægt með auðveldum hætti að auka vægi skyndihjálparinnar. Samfélagið geri stöðugar kröfur á skólakerfið um aukna fræðslu á hinum ýmsu sviðum. Ef vægi skyndihjálpar eigi að aukast svo nokkru nemi þá þurfi t.d. umræða um forvarnir og skyndihjálpar að aukast í samfélaginu yfirleitt. Lítil þrýstingur er á þessu sviði og staða skyndihjálpar endurspeglir kannski ástandi betur er margt annað. Aðrir benda á nýtt og markvissara námsefni væri til bóta. Þá eru flestir á því að breyttar áherslur í kenntu og efnistöku sé til bóta. Sú niðurstaða kemur vel saman við þær áherslur sem unnið hefur verið eftir þar sem námsefni í skyndihjálpar er brotið upp í minni þætti og aðlagð að hverjum aldurhópi fyrir sig. Einnig er talið heppilegt að hafa sveigjanlegan námskeiðstíma og gott geti verið að taka skyndihjálparina í lotum t.d. í menntaskólunum.

Spurning nr. 26

Telur þú þörf á að skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?

Fylgjendur er mun fleiri en hinir sem svara þessari spurningu neitandi. 23 eða 74% svara þessari spurningu játandi. Hins vegar merkja tveir eða rúm 6% við nei. Sex svarendur eru ekki vissir um svarið eða um 19%.

Telur þú þörf á að skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?




Spurning nr. 27

Telur þú að sálræn skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?

Heldur færri eru fylgjandi að sálræn skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun heldur en þegar spurt var um almenna skyndihjálp sbr. spurningu nr. 26. Nú svara rúm 64% játandi. Sem fyrr eru tveir þátttakendur ósammála eða rúm 6%. Níu taka ekki afstöðu í þessari spruningu eða vita ekki svarið (29%).

Telur þú þörf á að sálræn skyndihjálp sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?



RANNSÓKNARRÁÐ UMFERÐARÖRYGGISMÁLA
RANNUM

Viðauki

NÓVEMBER 2005

Ágæti viðtakandi.

Meðfylgjandi er spurningalisti sem er hluti af könnun sem nú stendur yfir á vegum Rannsóknarráðs umferðaröryggismála. Eitt af markmiðum könnunarinnar er að greina hversu mikil skyndihjálpar er kennd í íslenskum framhaldsskólum. Þess er vænst að niðurstöðurnar efli þátt skyndihjálpar og stuðli að aukinni skyndihjálparkunnáttu almennings. Það er margsannað að rétt viðbrögð vegfarenda á slysstað geta skipt sköpum um líf eða dauða þeirra sem slasast. Rannsóknarráð umferðaröryggismála var stofnað í lok árs 2001 og eru stofnendur allar helstu stofnanir og félagasamstök er starfa á sviði umferðarmála á Íslandi. Nú þegar hefur ráðið styrkt fjölda rannsóknarverkefna sem öll hafa það að markmiði að bæta umferðarmenninguna, fækka umferðarslysum og draga úr afleiðingum þeirra. Samkvæmt skýrslum alþjóðlegra stofnana sem starfa á sviðu umferðar- og heilbrigðismála má reikna með að umferðarslys verði eitt af helstu vandamálum mannkyns á komandi árum. Í ársskýrslum rannsóknarráðs umferðarslysa hefur ítrekað verið bent á að vankunnátta í skyndihjálpar og röng viðbrögð vegfarenda hafa valdið skaða í umferðarslysum á Íslandi. Með öflugri fræðslu, menntun og endurmenntun er talið að ráða megi bót á þessu vandamáli. Meðfylgjandi könnun er liður í að finna lausn og efla skyndihjálparmenntun og því mikilvægt að forsvarsmenn grunnskóla svari samvisskusamlega spurningalistanum og leggi þannig sitt að mörkum til þess að markið verkefnisins náist.

Það er því ómetanlegt ef þú gæfir þér tíma til þess að svara meðfylgjandi spurningalista og senda til baka fyrir 15. október n.k. Reikna má með að það taki 5 - 10 mínútur að svara þessari könnun. Svör skal senda sem viðhengi á eftirfarandi tölvufang sigurjon@grundaskoli.is eða með því að velja “reply” og “send.”

Með þökk fyrir jákvæð viðbrögð,
Sigurjón Jónsson, verkefnisstjóri.

Til: Rannsóknarráðs umferðaröryggismála (Rannum)

b.t. Ásdísar E. Guðmundsdóttur
Borgartúni 7
105 Reykjavík

Áfangaskýrsla

Verkefni: Skyndihjálp í framhaldsskólum.

Verkefnið skyndihjálp í framhaldsskólum er komið vel á veg. Verkerlið hefur tafist nokkuð frá upphaflegri áætlun en er þó nú komið á lokastig. Nú er beðið eftir svörum frá nokkrum framhaldsskólum varðandi kennslu í skyndihjálpi en nokkur vinna hefur farið í eftirrekstur og ítrekanir við að fá þessar upplýsingar frá skólunum. Í lok þessa mánaðar er gert ráð fyrir að unnið hafi verið úr upplýsingum frá öllum þátttakendum og grundvöllur sé kominn til að vinna lokaskýrslu verkefnisins. Nokkur forvinna hefur þó verið unnin en ekki er hægt að ganga frá könnuninni fyrr en allir hafa skilað inn svörum og unnið hefur verið úr svarlistum.

Verkefnisstjóri vill biðjast afsökunar á þessum töfum en vonast jafnframt til þess að geta gert fullnægjandi skil innan tíðar.

Hér er um fyrstu áfangaskýrslu að ræða og er gert ráð fyrir að gera lokaskil í næstu umferð. Verkefnið er ekki mjög umfangsmikið og því var ekki talin þörf að hafa annan hátt á. Fjárhagslegt uppgjör verkefnisins verður gert þegar lokaskýrsla liggur fyrir og Rannsóknarráði umferðaröryggismála (Rannum) hefur verið gerð grein fyrir vinnunni.

Í von að þessi áfangaskýrsla sé fullnægjandi og í samræmi við væntingar stjórnar Rannum.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Jónsson

Spurningalisti
vegna
könnunar á
skyndihjálparfræðslu
í framhaldsskólum

**Vinsamlegast svarið með því að smella á
valmöguleikana.**

A hluti.

1. Sá sem svarar þessum spurningalista er:

SVAR

2. Í skólanum eru:

SVAR

B hluti.

3. Er áhugi fyrir því í þínum skóla að gera skyndihjálparfræðslu góð skil?

SVAR

4. Er skyndihjálparfræðsla kennd í þínum skóla?

SVAR

5. Er skyndihjálparfræðsla tilgreind í skólanámskrá sem viðfangsefni á þessu skólaári?

SVAR

6. Hvers konar námsefni er notað í skyndihjálparkönnun í þínum skóla?

7. Nýta kennarar sér útgefnar könnunleiðbeiningar með námsefninu?

SVAR

8. Telur þú útgefið námsefni í skyndihjálparfræðslu koma til móts við misjafnan aldur og þroska nemenda?

SVAR

8b. Ef nei, hvað er það sem er ekki við hæfi

9. Telur þú að skólinn þinn sinni skyndihjálparfræðslu í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla?

SVAR

C hluti.

10. Hefur skólinn sent kennara á leiðbeinendanámskeið í skyndihjálparfræðslu s.l. þrjú ár?

SVAR

11. Ef já, hve marga?

12. Hafa verið haldin skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk í þínum skóla sl. tvö ár?

SVAR

13. Hefur verið haldið námskeið í sálrænni skyndihjálþ fyrir kennara í þínum skóla?

SVAR

14. Telur þú þörf á að halda námskeið fyrir kennara í sálrænni skyndihjálþ?

SVAR

15. Eru kennarar í þínum skóla viljugir/áhugasamir að taka að sér skyndihjálþarkennslu?

SVAR

16. Hvernig fer skyndihjálþarfræðslan fram í þínum skóla (kennsluaðferðir.)

Hakaðu við fleiri en eitt atriði ef þörf krefur.

Fyrirlestrar	<input type="checkbox"/>
Vinnubókarvinna	<input type="checkbox"/>
Verkleg þjálfun	<input type="checkbox"/>
Heimsóknir	<input type="checkbox"/>
Hópavinna	<input type="checkbox"/>
Vettvangsathuganir	<input type="checkbox"/>
Annað, hvað?	

17. Hvernig telur þú að leggja ætti námsefnið fyrir nemendur? Forgangsraðaðu aðferðunum (1 fyrir mesta áherslu og 6 fyrir minnsta áherslu).

Fyrirlestrar	SVAR
Vinnubókarvinna	SVAR
Verkleg þjálfun	SVAR
Heimsóknir	SVAR
Hópavinna	SVAR
Vettvangsathuganir	SVAR
Annað, hvað?	

D hluti.

18. Telur þú að endurbætt/nýtt námsefni yrði til þess að vægi skyndihjálparkennslu í framhaldsskólum mundi aukast?

SVAR

19. Hvernig námsefni finnst þér áhugavert að kenna á framhaldsskólastigi?

20. Hvernig myndi þér finnast best að nálgast námsefnið?

Netið	<input type="checkbox"/>
Geisladiskar	<input type="checkbox"/>
Tölvupóstur	<input type="checkbox"/>
Bréfpóstur	<input type="checkbox"/>
Bækur	<input type="checkbox"/>
Myndbönd	<input type="checkbox"/>

21. Hvernig telur þú að best sé að kynna nýtt námsefni í skyndihjálp fyrir stjórnendum og kennurum framhaldsskóla? Besta leiðin fái 1, næsta 2 o.s.frv.

Vefsíða	Númer
Dreifibréf	Númer
Tölvupóstur	Númer
Sýniseintök	Númer
Haustþing	Númer
Heimsóknir í skóla	Númer
Fréttabréf	Númer
Kynningarskrá	Númer
Annað, hvað?	

22. Telur þú að skyndihjálparfræðsla eigi að vera sér áfangi eða hluti af annarri kennslu?

SVAR

23. Telur þú að skyndihjálparfræðsla hafi minnkað, staðið í stað eða aukist síðustu ár?

SVAR

24. Telur þú að markviss skyndihjálparfræðsla í framhaldsskólum geti dregið úr alvarlegum afleiðingum slysa í þjóðfélaginu?

SVAR

25. Hvernig telur þú að megi auka kennslu/fræðslu í skyndihjálparfræðslu í framhaldsskólum?

26. Telur þú þörf á að skyndihjálparfræðsla sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?

SVAR

27. Telur þú þörf á að sálræn skyndihjálparfræðsla sé hluti af almennri kennaramenntun á Íslandi?

SVAR

Munið að vista úrlausnirnar og senda sem aftur sem viðhengi

Vinsamlegast sendið útfyllta könnun á eftirfarandi netfang:

<mailto:sigurjon@grundaskoli.is>

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna

Heimildaskrá

Anna Þrúður Þorkelsdóttir fyrrv. form Rauða kross Íslands. Desember 2000.

Ársskýrsla Rannsóknarráðs umferðarslysa. 2000. Banaslys í umferðinni árið 1999. Reykjavík. Rannsóknarráð umferðarslysa.

Ársskýrsla Rauða kross Íslands 1926-1927. Reykjavík. Rauði kross Íslands.

Gjörðabók barnaskóla Akraness 1927 (minnisblað). Akranesi. Byggðasafnið Görðum.

Guðmundur Þorsteinsson. 2000. Skyndihjálpar og endurlífgun. Rauði kross Íslands. Reykjavík. Prentsmiðjan Oddi.

Margrét Guðmundsdóttir. 2000. Í þágu mannúðar. Saga Rauða kross Íslands. Reykjavík. Steindórsprent Guttenberg ehf.

Rauði kross Íslands. 2000. Minnisblað vegna samstarfssamnings um eflingu skyndihjálpar milli Heilbrigðisráðuneytisins og Rauða kross Íslands des. 2000. (SAS nr. rki.31.12.00) Reykjavík. Rauði kross Íslands.